


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sampykkt:SHJ		
Síða 1 af 2	VEF 203 Kennsluáætlun vorönn 2015	

Nafn kennara: Viðtalstímar kennara:	Halldóra Björg Sævarsdóttir þriðjudagur kl 10:50-11:25	Sk.stöfun: Netfang:	HBS dorabjorg@vma.is
--	---	------------------------	-------------------------

Undanfari: VEF103

Áfangalýsing:

Í VEF 203 vefa nemendur nytjahlut/hluti og setja upp í vefstól tveir og tveir saman með aðstoð kennara. Nemendur byrji að tileinka sér útreikninga og vinna eftir bindifræðimunstrum fyrir vefnað. Áhersla er lögð á að nemendur vinni með og þekki þráðarbrékán á fjögur - sex sköft, bundið rósaband, samsetta bindingu s.s. hálfregil, salún og íslenskt glit. Nemendur byrja að tileinka sér gildi mismunandi uppistöðu og ívafs í mismunandi vefnaðaraðferðum.

Markmið:

Að nemendur:

- reikni út sína eigin uppistöðu áður en rakið er í slöngu.
- vinni með frekar fínan þráð og reynt er að stuðla að því að nemendur vinni eftir eigin hugmyndum á frjálsan og skapandi hátt.
- nemendur geri sér grein fyrir mismunandi eiginleikum vefjarefna og fjölbreyttu notagildi þeirra.

Hugmyndir um verkefni:


Unnið með t.d. bundið rósaband þ.e. krókbragð á 4 - 6 sköft þráðarbrékán á 4 - 6 sköft og með tveim litum eða annar einfaldur jafnþráðavefnaður s.s. salún eða hálfregill. Skila skal möppu með vinnuteikningum og útreikningum á uppsettri voð.

Vika	Námsefni
2-4	Áfanginn kynntur og nemendur ákveða verkefni í samráði við kennara. Hugmyndavinnuferli. Tvær prufur. Útreikningar á slöngu og byrjað að rekja í uppistöðu.
5-9	Uppsetning í vefstól, inndráttur í haföld og skeið. Sköft og skammel bundin upp með aðstoð kennara og byrjað að vefa.
10-17	Voðin ofin.
18	Frágangur og möppuvinna

Námsgögn

Fagbækur f. vefnað, myndlist og textíl. Bindifræði Sigríðar Halldórsdóttur (ljósrit í vefstofu og á bókasafni VMA). Óútgefið efni eftir kennara.

Vefnaðartímarit – staðsett í vefstofu

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sampykkt:SHJ		
Síða 2 af 2	VEF 203 Kennsluáætlun vorönn 2015	

Námsmat	Lýsing	vægi
Prufur og uppskriftir	Prufumappa með uppskriftum	25%
Ofið/n stykki	Vefnaður og frágangur	65%
Frammistaða á önn	Ástundun og vinnubrögð	10%

Fjarvistir:

Fjarvistastig í þessum áfanga eru hámark 9 stig eða 9 kennslustundir. Ef að fjarvistir verða fleiri verða nemendur að leita til síns kennslustjóra og sækja um leyfi til áframhaldandi setu í áfanganum.

Innkaup:

Nemendur halda áfram með að setja hugmyndir, skissur, uppskriftir og prufur í möppu úr VEF103 . Einnig er gott að vera með skissubók, reiknivél og skriffæri. Efni er til staðar í skólanum og þurfa nemendur að kaupa það sjálfir en efnisgjöld áfangans (kr. 3.500) eru dregin frá þeirri upphæð.

Mjög mikilvægt er að nemendur vinni jafnt og þétt á milli tíma til að ná settum markmiðum og árangri.

Opið hús þar sem nemendur bjóða til sín aðstandendum til að sjá afrakstur vinnunnar í áfanganum verður í lok annar. Nánari dagsetning verður ákveðin síðar. Mikilvægt að allir taki þátt bæði í undirbúningi og að taka á móti gestum um kvöldið.

Verkefni sem ekki verða sótt á skiladegi annarinnar verða geymd í 1 ár án ábyrgðar!

Með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða kennslustjóra